

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2025

2025/EES/46/23

frá 8. maí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3229 frá 18. október 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 að því er varðar breytingar á tilflutningi raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem eru samþykktar samkvæmt Basel-samningnum ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 3229:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3229 frá 18. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/3229, 20.12.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/3229, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3229, 20.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/3229/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.